

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Áfangaskýrsla 1: Gögn og aðferðir

September 2006

Unnið fyrir Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar



ÍSAFJARÐARBÆR



1 Inngangur

1.1 Tilgangur

Í skipulags- og byggingarlögum frá 1998 segir að í aðalskipulagi skuli fjallað um allt land innan marka sveitarfélags. Núgildandi aðalskipulag Ísafjarðarbæjar nær aðeins til þéttbýlisins. Í aðalskipulaginu verður mörkuð stefna um framtíðarþróun svæðisins og lagður grundvöllur fyrir deiliskipulagsgerð. Í samræmi við skipulags- og byggingarlög (nr. 73/1997) skal fjallað um stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í aðalskipulagi.

1.2 Gerð aðalskipulagsins

Verkátun

Í viðauka er *endurskoðuð verkátun* fyrir vinnu við aðalskipulagið. Áætunin er gerð í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags og í samræmi við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2006.

Starfsmenn

Þrír starfsmenn munu vinna að verkefninu:

- ✓ Erla Bryndís Kristjánsdóttir, landslagsarkitekt á Teiknistofunni Eik ehf á Ísafirði.
- ✓ Gunnar Páll Eydal, umhverfis- og auðlindafræðingur á Teiknistofunni Eik ehf á Ísafirði.
- ✓ Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir, sjálfstætt starfandi landslagsarkitekt í Reykjavík.

Skipting verkefnis

Verkefninu verður skipt í 2 megin þætti.

- ✓ *Hornstrandir og aðliggjandi svæði*, þ.e. fyrrum Sléttu-, Grunnvíkur- og Snæfjallahreppar. Þarna er landnýting um margt ólík því sem er í öðrum hlutum sveitarfélagsins, auk þess sem stór hluti svæðisins er friðland og þarf því að huga sérstaklega að verndargildi þess. Nánar er fjallað um þetta hér að neðan. Gerður verður sérstakur uppdráttur af svæðinu.
- ✓ *Þéttbýli og annað dreifbýli*: Ísafjörður, Þingeyri, Suðureyri og Flateyri auk dreifbýlis utan Hornstranda. Gerður verður sérstakur uppdráttur af hverjum þéttbýliskjarna og annar fyrir dreifbýlið.

Samráð við verkkaupa

Mikilvægt er að teiknistofunni berist allar upplýsingar sem starfsmenn og fulltrúar Ísafjarðarbæjar hafa undir höndum og varða vinnu við aðalskiplagið. Ákveðið hefur verið að tengiliðir teiknistofunnar við bæjaryfirvöld verði bæjartækni- og fræðingur Ísafjarðarbæjar og formaður umhverfisnefndar. Fundir verkkaupa og ráðgjafa verði haldnir reglulega, eftir samkomulagi.

Grunngögn

Góð grunngögn eru forsenda fyrir vinnunni við aðalskipulagið. Sérstaklega er mikilvægt að aðgengi sé að góðum *grunnkortum* af svæðinu. Auk grunnkorta er átt við upplýsingar um námur, hættumat vegna ofanflóða, flokkun vatns, fornleifaskráningu, fráveitumál, náttúruminjar og almenna staðhætti. Mikilvægt er að

vinnu við öflun gagna sem ekki eru fyrirbyggjandi verði hraðað eins og kostur er. Rætt hefur verið um að Bolungarvíkurkaupstaður, Teiknistofan Eik, Ísgraf, Ísafjarðarbær og fleiri aðilar sem nota kort af svæðinu fundi um kortagrunna og loftmyndir.

Samráð og kynning

Samráð við hagsmunaaðila og íbúa er einn af hornsteinum í skipulagsvinnu sem þessari. Í skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð kemur fram að leita skuli eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra sem eiga hagsmuna að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmið. Skipulagstillögur og áætlanir skulu vera aðgengilegar íbúum og hagsmunaaðilum, auk þess sem leita skal eftir virkri samvinnu við hagsmunaaðila um endanlega mótun skipulagstillögunnar. Samkvæmt reglugerðinni skal hafa samráð við eftirfarandi stofnanir:

- ✓ Flugmálastjórn
- ✓ Fornleifavernd ríkisins
- ✓ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- ✓ Kirkjugarðaráð
- ✓ Landbúnaðarráðuneytið
- ✓ Landsnet
- ✓ Orkubú Vestfjarða
- ✓ Siglingastofnun
- ✓ Skipulagsstofnun
- ✓ Umhverfisstofnun
- ✓ Veðurstofu Íslands
- ✓ Vegagerðina

Einnig verður óskað eftir þátttöku Náttúrustofu Vestfjarða og viðkomandi nefnda bæjarins. Samráðið verður með ýmsum hætti, m.a. með fundum eða óformlega eftir því sem efni standa til. Haft verður samband við aðilana í upphafi vinnunnar.

Lagt er til að sérstök áhersla verði lögð á að hafa skipulagsferlið opið og með gagnkvæmu upplýsingastreymi á milli aðila sem málið varðar. Reynt verður að fá hagsmunaaðila til *virkrar þátttöku*. Áhrifaríkast og skilvirkast er að hafa samráð við félög eða samtök, svo sem:

- ✓ Íbúasamtök
- ✓ Íþróttafélög
- ✓ Skógræktarfélag
- ✓ Framfarafélög
- ✓ Veiðifélög
- ✓ Búnaðarfélag
- ✓ Útivistar- og ferðafélög
- ✓ Landeigendafélög
- ✓ Náttúruverndarsamtök
- ✓ Ferðaþjónustuaðila

Lagt er til að settur verði á fót hópur af fulltrúum mismunandi hagsmunaaðila sem hefur það hlutverk að kynna skipulagsráðgjöfum og öðrum hagsmunaaðlium sín sjónarmið og hagsmuni. Þannig fæst niðurstaða sem aðilarnir hafa tekið þátt í að móta og verður hún því líklegri til að verða framkvæmd og njóta stuðnings. Gera má ráð fyrir að slíkur hópur gæti fundað nokkrum sinnum á meðan vinnan við skipulagið stendur yfir.

Til að sem flestir hafi tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri verða mismunandi leiðir að vera í boði til þess. Lagt er til að eftirfarandi tæki verði einkum notuð til þessa:

- ✓ *Heimasíða:* Sett verði krækja á heimasíðu bæjarins þar sem sérstaklega er fjallað um skipulagið. Þar verði lýst gangi mála og mönnum gefinn kostur á að koma með athugasemdir með því að senda tölvupóst til teiknistofunnar.
- ✓ *Póstkassí* í afgreiðslu á bæjarskrifstofu og á öðrum aðgengilegum stöðum þar sem hægt er að skila miða með ábendingum. Þetta nýtist þeim sem ekki nota veraldarvefinn.
- ✓ *Eyðublöð* sem liggja frammi með kynningu á aðalskipulagi og vinnuferli þess í stuttu máli, auk spurninga þar sem óskað er eftir viðbrögðum og ábendingum fólks.
- ✓ *Fundir* með stofnunum, íbúum og fulltrúum hagsmunaaðila.
- ✓ *Dreifibréf*

Sérstakt samráð um Hornstrandir og aðliggjandi svæði

Innan Hornstrandafriðlands gilda sérstakar reglur til verndar náttúru og menningu. Umsóknir um framkvæmdaleyfi á svæðinu berast nú oft en áður og hefur verið bent á aukna þörf á skipulagsgerð vegna þessa. Til að tryggja sem hagstæðasta útkomu skipulagsins á þessu svæði teljum við afar mikilvægt að leggja ríka áherslu á *virka þátttöku* þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta þar.

Árið 1997 var samþykkt af Skipulagsstofnun ríkisins greinargerð með stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum fyrrum Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa 1995-2015. Samráðshópur aðila sem talið var að hefði mestra hagsmuna að gæta var skipaður. Hlutverk hópsins var að:

- ✓ Auðvelda upplýsingaöflun um svæðið og einstaka málaflokka.
- ✓ Tryggja að hagsmunaaðilar gætu haft áhrif á þá stefnu og ákvarðanatöku sem skipulagsvinnan fæli í sér.
- ✓ Tryggja að tekið væri tillit til sjónarmiða helstu hagsmunaaðila.

Sæti í nefndinni áttu m.a. fulltrúar frá Skipulagi ríkisins, Náttúruverndarráði, Ísafjarðarkaupstað, Sýslumannsembættinu á Ísafirði, Ferðamálasamtökum Vestfjarða auk fulltrúa hreppa og landeigenda.

Eðlilegt er að byggja aðalskipulag svæðisins á þessari stefnumótun. Hafa verður þó í huga að stefnumörkunin var gerð fyrir um 10 árum, þ.e. áður en núverandi skipulags- og byggingarlög tóku gildi. Nú liggja einnig fyrir ýmsar grunnupplýsingar sem ekki voru tiltækar þegar stefnumótunin var gerð. Lagt er til að fleiri aðilar verði kallaðir til virkrar þátttöku en áður. Mikilvægt er að tilgreind verði skýr skipulagsmarkmið og lagðar fram tillögur um hvernig unnt er að ná þeim.

Markmiðið verði að allir aðilar komist að sameiginlegri niðurstöðu um landnýtingu svæðisins og sættist á eina ákveðna skipulagslausn sem þeir sjálfir hafa tekið þátt í að móta og vinna að. Þannig verður mun líklegri en ella að almenn sátt ríki um skipulagið og því verði framfylgt. Er það trú okkar að þrátt fyrir að búast megi við mismunandi sjónarmiðum þá megi komast að sameiginlegri niðurstöðu með góðri og skipulegri samvinnu. Á meðal hagsmunaaðila eru:

- ✓ Umhverfisstofnun
- ✓ Landeigendur

- ✓ Ferðamálasamtök
- ✓ Ferða- og útivistarfélag
- ✓ Náttúrustofa Vestfjarða
- ✓ Náttúruverndarfélag
- ✓ Ísafjarðarbær

Leggjum við til að hver aðili hafi a.m.k. einn fulltrúa í samráðshópi. Þar hafa aðilarnir tækifæri til að kynna sín sjónarmið fyrir Ísafjarðarbæ, skipulagsráðgjöfum og öðrum hagsmunaaðilum. Aðkoma hagsmunaaðila er opin, enda er mikilvægt að útiloka ekki hópa eða hagsmuni frá skipulagsvinnunni. Lýsa má tillögu okkar um aðkomu þessara aðila í nokkrum skrefum:

1. *Kynning* - september 2006: Bréf send hagsmunaaðilum þar sem vinnan við skipulagið er kynnt og leitað eftir upplýsingum og samstarfi. Nánari upplýsingar verða gefnar í öðru bréfi sem sent verður stuttu síðar. Óskað verður eftir viðbrögðum frá viðtakendunum.
2. *Ráðstefna* - nóvember 2006: Haldin verði opin ráðstefna um framtíðarskipulag Hornstranda í byrjun nóvember. Ráðstefnan verði opin en hagsmunahópar boðaðir sérstaklega til þátttöku. Þar gætu mismunandi aðilar kynnt og rætt um nýtingu og náttúruvernd Hornstranda. Ráðstefnan myndi því nýtast vel til að virkja hagsmunaaðila til þátttöku í skipulagsvinnunni.
3. *Kynningarfundur I* - nóvember 2006: Samráðshópurinn hittist, farið verði yfir vinnuferlið, tímaáætlun og hópar samþykki verklagsreglur. Leitast við að byggja upp traust á milli aðila.
4. *Kynningarfundur II* - nóvember 2006: Nánar gert grein fyrir fyrirhugaðri vinnu og verklagsreglur samþykktar.
5. *Grunnvinna hópa* - desember 2006 til mars 2007: Mismunandi hagsmunahópar komi saman og greini sína hagsmuni og sjónarmið, samkvæmt nánari leiðbeiningum skipulagsráðgjafa.
6. *Vinnufundur I, kynning hópa* - mars 2007: Fulltrúar í samráðshópi komi saman og kynni sjónarmið og hagsmuni sinna hópa.
7. *Vinnufundur II, umræður og samræming sjónarmiða* - apríl 2007: Rætt um hagsmuni, árekstra og samræmingu sjónarmiða. Fyrstu drög að markmiðum og leiðum til að ná þeim. Uppdráttur teiknaður og fulltrúi valinn til að gera uppkast að niðurstöðum. Grunnkort þarf að liggja fyrir.
8. *Vinnufundur III, fyrstu drög niðurstöðu samþykkt af samráðshópi* – maí 2007.
9. *Kynning niðurstaðna* fyrir hagsmunahópum - júní 2007.

Mikilvægt er að vinnan við aðalskipulagið verði kynnt sem fyrst til að hægt verði að virkja hagsmunaaðila og fá viðbrögð frá þeim snemma í ferlinu. Áætlað er að senda hagsmunaaðilum kynningarbréf um skipulagsvinnuna í september 2006.

2 Forsendur

2.1 Staðhættir

KVAÐIR

Í greinargerð skal lýsa stuttlega jarðfræði, veðurfari, gróðurfari og dýralífi á svæðinu. Náttúrufar er ein af grundvallarforsendum fyrir ákvarðanatöku í aðalskipulagi. Greina þarf þá sérstöðu sem er til staðar.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

Ýmsar náttúrufarslýsingar og rannsóknir má nálgast hjá opinberum stofnunum.

- ✓ Gróðurflokkun (nytjaland.is). Upplýsingarnar ná þó ekki til Hornstranda og Jökulfjarða. Gagnagrunnur var uppfærður í mars 2006.
- ✓ Yfirlit um jarðvegsrof og útbreiðslu gróðurs eftir hreppum og sýslum (RALA <http://rala.is/kvasir/>).
- ✓ Hnitsett gögn um gróðurfar (frá Nytjalandi).
- ✓ Árbækur Ferðafélags Íslands (1994, 1999 og 2000).
- ✓ Upplýsingar hafa auk þess borist frá Náttúrustofu Vestfjarða, Umhverfisstofnun, Veðurstofunni og Landbúnaðarháskólanum (Nytjaland og RALA).

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Úrvinnsla gagna og samráð við umsagnar- og hagsmunaaðila.

2.2 Þróun byggðar

KVAÐIR

Fjalla ber um sögu og íbúápróun. Einnig skal gera grein fyrir eignarhaldi bújarða og landamerkjum.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

- ✓ Ýmsar ritaðar heimildir um sögu, m.a. Árbækur Ferðafélags Íslands.
- ✓ Upplýsingar um íbúápróun er að finna á vefsíðu Hagstofunnar.
- ✓ Svar Nytjlands við fyrirspurn teiknistofunnar um landamerki. Þar kemur fram að upplýsingar um landamerki eru ekki í gagnagrunni þeirra. Til eru þó landamerkjalyásingar eða skrár af flestum jörðum landsins (Örnefnastofnun og Sýslumannsembættið).
- ✓ Svar Örnefnastofnunar við fyrirspurn teiknistofunnar um landamerki. Þar kemur fram að stofnunin á ekki hnitsettar upplýsingar um landamerki, en afrit eru til af landamerkjabókum sýslumanna.

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Ræða þarf hvort Ísafjarðarbær ráðist í greiningu landamerkja.
- ✓ Leita eftir upplýsingum hjá Landbúnaðarráðuneyti um eignarhald bújarða.

3 Meginmarkmið

KVAÐIR

Aðalskipulagið á að móta framtíðarstefnu sveitarfélagsins. Þar eru markmið sett fram og skilgreint hvernig hægt er að ná þeim. Aðalskipulagið byggir á stefnu

sveitarstórnar, en einnig ber að taka tillit til stefnu stjórnvalda á landsvísu og alþjóðasamþykktu sem Ísland er aðili er að. Taka skal tillit til *sjálfbærrar þróunar* í meginmarkmiðunum, enda er eitt af markmiðum íslenskra skipulags- og bygginarlaga að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við skipulagsgerð.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN:

- ✓ Núgildandi Aðalskipulag Ísafjarðar
- ✓ Samþykktir bæjarstjórnar og bæjarráðs
- ✓ Staðardagskrá 21 (tillögur staðardagskrárnefndar í Ísafjarðarbæ um aðgerðir og stöðuskýrsla)
- ✓ Vaxtarsamningur Vestfjarða
- ✓ Niðurstöður íbúafings
- ✓ Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ 2005 (Ísafjarðarbær og AtVest)
- ✓ Byggðaaætlun fyrir Vestfirði: Unnin af sveitarfélögum á Vestfjörðum

FREKARI GAGNAÖFLUN:

- ✓ Embættismenn og kjörnir fulltrúar bendi á gögn sem nýtast við skipulagsgerðina, m.a. um atvinnumál, samgöngumál, umhverfismál, þróun byggðar og landnotkun.
- ✓ Hugsanleg gögn frá Fjórðungssambandi Vestirðinga og Atvinnuþróunarfélaginu
- ✓ Ýmis stefnumótandi gögn á landsvísu og alþjóðasamningar. Skoða þarf m.a. greinargerðir um aðalskipulag og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar.

4 Verndun

Fjallað verður m.a. um náttúruvá, vatnsverndarsvæði, náttúruminjar og fornleifar. Auk þess ber að gera *umhverfismat* fyrir mismunandi skipulagstillögur og gera grein fyrir þeim svæðum sem falla eiga undir *hverfisvernd*.

4.1 Náttúruvá

Í aðalskipulagi ber að gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, fyrirhugaða landnotkun og reglum sem gilda þar um umgengni og mannvirkjagerð. Undir náttúruvá flokkast ofanflóð, eldgos, jarðskjálftar, flóð í ám, flóð frá sjó, hafískoma, lagnaðarís og fárviðri. Nánar er fjallað um ofanflóð hér að neðan.

Ofanflóð

KVAÐIR

Meta skal hættu á ofanflóðum í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Hættumat á fyrst og fremst að ná til þéttbýlis, svæðis þar sem þétt byggð er fyrirhuguð, skíðasvæða og strjálbýlis þar sem framkvæmd er fyrirhuguð á hugsanlegum hættusvæðum. Nánar er fjallað um þennan málaflokk í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Gera ber grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum og hvaða landnotkun er fyrirhuguð á hættusvæðum og nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hvejrú svæði fyrir sig. Sjá nánar skipulagsreglugerð (nr. 400/1998).

Hættumat skal lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu. Skipulagsáætlun fyrir svæði utan þéttbýlis skal samþykkt og/eða staðfest með fyrirvara um hugsanlega ofanlóaðahættu sem ljós kann að verða við hættumat á svæðum.

Ef breyta þarf skipulagi eða veita byggingaleyfi á þeim svæðum þar sem hættumat hefur ekki verið gert, en hugsanlegt er talið að ofanflóð geti fallið, þarf að gera bráðabirgðahættumat. Skipulagsstofnun metur hvort óska beri eftir slíku mati.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

- ✓ Staðfest hættumat fyrir *þéttbýli*: Ísafjörður og Hnífsdalur, Suðureyri, Þingeyri og Flateyri. Hættumat þessara svæða er kynnt í bæklingum útgefnum af Veðurstofunni og á heimasíðu þeirra. Þegar hafa borist hnitsettar upplýsingar um legu hættusvæða.
- ✓ Svar við óformlegri fyrirspurn til Snjóflóðaseturs Veðurstofu Íslands, þar sem m.a. kemur fram að unnið sé að hættumati fyrir Tungudal, þ.m.t. skíðasvæðið. Hættumat mun einnig ná til Seljalandsdals. Auk þess hefur verið unnið að hættumati fyrir Ísafjarðarflugvöll.
- ✓ Til viðbótar hefur verið gert *bráðabirgðahættumat* á svæðum þar sem byggingar eru fyrirhugaðar.

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Óskað hefur verið eftir tæmandi upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um hættusvæði vegna ofanflóða.
- ✓ Gera grein fyrir hvaða reglur gilda á hættusvæðum varðandi umgengni og mannvirkjagerð.
- ✓ Gera þarf hættumat á þeim svæðum þar sem byggð er fyrirhuguð ef líklegt er talið að ofanflóð geti fallið.

4.2 Vatnsvernd

KVAÐIR

Reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Samvæmt 9. grein reglugerðarinnar skal sveitarstjórn *flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess*. Ástandið er metið eftir vísbendingum um áhrif frá mannlegri starfsemi á lífríki eða á efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess. Með yfirborðsvatni er átt við allt vatn á yfirborði jarðar, ferskvatn sem strandsjó. Skilgreina skal *langtímamarkmið* fyrir vatn og skulu þau koma fram á aðalskipulagsupprætti. Jafnframt skal *skilgreina vatnsverndarsvæði vatnsbóla* samkvæmt reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn samanber reglugerð nr. 533/2001 og 913/2003 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999. Vatnasvið vatnsbólanna, þ.e. vatnsverndarsvæðið, skiptist í brunnsvæði sem er næst vatnsbólunum, grannsvæði sem er þar fyrir utan og fjarsvæði sem eru fjærst vatnsbólunum. Ekki eru leyfðar nýjar byggingar á brunn- og grannsvæðum. Reglugerðir 533/2001 og 913/2003 tilgreina takmarkanir á athöfnum og framkvæmdum innan vatnsverndarsvæðisins.

Í handbók um aðgerðaráætlanir og flokkun vatns er fjallað um vatnsvernd. Lykilþættir við vatnastjórnun eru:

- ✓ Álagsgreining
- ✓ Ástandsgreining (heilbrigðisnefnd)
- ✓ Mat á áhrifum
- ✓ Skilgreining á langtímamarkmiðum (heilbrigðisnefnd)

- ✓ Aðgerðir (heilbrigðisnefnd og sveitarfélag)
- ✓ Umhverfismælingar

Í sömu handbók er bent á að heilbrigðisnefndir skulu

- ✓ Ástandsflökka vatn, þ.e. meta núverandi ástand í flokka A-E samkvæmt flokkunartöflu - í handbók um aðgerðaráætlanir og flokkun vatns – og forsendur sbr. 10. gr. reglugerðar 796/1999.
- ✓ Skilgreina langtíma markmið um flokkun.

Einnig þarf að greina afleiðingar ástands á lífríki, heilsufar o. fl. Á skipulagsuppdrætti aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið vatns (gr. 8.2). Sveitarstjórnnum er ætlað að fjalla um tillögurnar og koma markmiðum inn í aðalskipulag.

Í skipulagsreglugerð (bls. 19-20) kemur fram að flokka skuli strandsvæði í 2 flokka vegna varna gegn sjávarmengun. Sömuleiðis skal flokka vatnasvæði í 2 flokka vegna varna gegn vatnsmengun. Í flokki I eru svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmynda eða útivistar. Í flokki II eru önnur svæði, sem má m.a. nýta til afrennslis.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

- ✓ Vatnsverndarsvæði í Ísafjarðarbæ hafa verið skilgreind. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur sent teiknistofunni gögn varðandi vatnsvernd (Jón Reynir Sigurvinsson 1999), auk ábendinga vegna vinnu við aðalskipulagsins.
- ✓ Ísafjarðarbær hefur sent Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um flokkun og markmiðssetningu vatns.

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Úrvinnsla gagna frá Heilbrigðiseftirliti, er þau berast.
- ✓ Hnitsetning vatnsverndarsvæða.

4.3 Vötn, ár og sjór

KVAÐIR

Samkvæmt skipulagsreglugerð falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar undir skilgreiningu vatna, áa og sjávarsvæða. Þar eru einnig settar fram kvaðir um að ekki skuli byggja of nærri vötnum, ám eða sjó (50 m).

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

Ekki er vitað um neinar breytingar á vatnsflötum vegna mannvirkja nú.

FREKARI GAGNAÖFLUN

Hafa skal þessi ákvæði í huga og bæta nýjum upplýsingum inn þegar/ef þær koma fram.

4.4 Náttúruminjar

KVAÐIR

Náttúruminjar eru annars vegar náttúruverndarsvæði - þ.e. friðlýst svæði, svæði og náttúrumyndanir á náttúruminjaskrá og svæði sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum - og hins vegar lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á

náttúruminjaskrá. Um náttúruminjar gilda lög um náttúruvernd, auglýsingar um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlög um verndun einstakra svæða. Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, legu þeirra og helstu einkennum. Jafnframt skal taka fram

- ✓ hvaða landnotkun er fyrirhuguð þar
- ✓ hvaða reglur gilda þar um umgengni og mannvirkjagerð
- ✓ hvernig landnotkun fellur að þeim reglum sem gilda um svæðið

Í aðalskipulagi skal einnig gera grein fyrir þeim svæðum sem njóta eiga *hverfisverndar*. Í hverfisvernd felst friðun, án þess þó að vera lögformleg. Lýsa þarf legu, einkennum og reglum sem eiga að gilda þar um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

- ✓ Upplýsingar um náttúruminjar, bæði lýsingar á sérkennum svæða og reglur sem gilda þar (vefsíða Umhverfisstofnunar).
- ✓ Náttúruminjaskrá (náttúruminjar og svæði og fyrirbæri sem rétt þykir að vernda).
- ✓ Náttúruverndaráætlun 2004-2008
- ✓ Lög um náttúruvernd
- ✓ Stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum fyrrum Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa 1995-2015 (greinargerð og uppdráttur).
- ✓ Málefнасamningur meirihluta Bæjarstjórnar Ísafjarðar og ályktanir Fjórðungssambands Vestfirðinga um náttúruverndarmál.
- ✓ Ferðamenn á norðanverðum Vestfjörðum (skýrsla)
- ✓ Ráðstefnur um Hornstrandir, náttúru og ferðamennsku
- ✓ Könnun á ferðamennsku og ferðapjónustu í Hornstrandafriðlandi árin 1997-1998

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Bæjarstjórn leggur áherslu á náttúru sveitarfélagsins í stefnumörkun sinni. Kalla þarf eftir nánari stefnu bæjarstjórnar. E.t.v. verða svæði sem falla undir *hverfisvernd* afmörkuð.
- ✓ Upplýsingar frá Landverði á Hornströndum, bæði munnlegar svo og önnur gögn, m.a. skýrsla landvarðar.
- ✓ Rannsóknir á náttúrufari, ferðapjónustu og ferðamennsku á Hornströndum
- ✓ Fyrirspurn til Umhverfisstofnunar um hvort vænta megi friðlýsingar svæða eða fyrirbæra á náttúruminjaskrá innan sveitarfélagsins á næstunni.
- ✓ Leita umsagnar Náttúrustofu Vestfjarða um hugsanleg fyrirhuguð verndarsvæði.
- ✓ Upplýsingar, athuganir og alþjóðasamningar um náttúrufar, friðlýst svæði, ferðapjónustu og ferðamennsku (sjá m.a. Ferðamálaráð, Norrænu Ráðherranefndina, Umhverfisráðuneytið og Alþjóða náttúruverndarsamtökin).

4.5 Fornleifar

KVAÐIR

Í þjóðminjalögum segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess.

Fornleifaskráningu er skipt í:

- ✓ Svæðisskráningu: Yfirlit um sögu byggðar, auk þess sem jarðir og takmörk eru skilgreind.
- ✓ Aðalskráningu: Leitað skipulega og nánar að menningarminjum.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN:

Aðeins lítill hluti Ísafjarðarbæjar hefur verið kannaður m.t.t. fornleifa. Gert er ráð fyrir að fornleifar svæðisins verði fullskráðar á næstu 6 árum (www.nave.is). Talsverðar rannsóknir hafa þó verið gerðar í Skutulsfirði. Eftirfarandi gögn liggja fyrir:

- ✓ Ragnar Edvardsson 2005. Fornleifakönnun vegna snjóflóðagarðs í Kubba við Holtahverfið í Ísafjarðarbæ. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 11-05.
- ✓ Ragnar Edvardsson 2004. Verstöðvarnar á Saurtúni og Skálavík. Fornleifarannsókn á verminjum á Vestfjörðum. Áfangaskýrsla. Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 3-04, 15 bls
- ✓ Ragnar Edvardsson og Ruth A, Maher 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ: Eyrarhreppur hinn forni - I. hluti. Svæðisskráning og aðalskráning. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. NV nr. 6-02. 93 bls.
- ✓ Þorleifur Eiríksson, Arnín Óladóttir og Ragnar Edvardsson 1998. Athugun á gróðri, fuglum og fornminjum í Seljalandsdal í Ísafjarðarbæ. Náttúrustofa Vestfjarða (nánar hér að neðan).

Rannsóknir á Verminjum á norðanverðum Vestfjörðum

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kanna þróun og eðli verstöðva á tímabilinu 900 – 1500. Sérstök áhersla er lögð á rannsókn á þróun verstöðva í átt til fiskveiðiporpa á síðmiðöldum. Rannsóknin felur m.a. í sér fornleifauppgröft á völdum stöðum auk úttektar og uppmælingar á verstöðvum í Ísafjarðar- og Strandasýslum.

Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ

Náttúrustofa Vestfjarða hefur umsjón með verkefninu Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. Verkefnið er samstarfsverkefni Náttúrustofunnar og Fornleifastofnunar Íslands og er unnið fyrir Ísafjarðarbæ. Verkið er unnið af Ragnari Edvardssyni, fornleifafræðingi.

Verkefnið hófst sumarið 2002 og var svæðið í Skutulsfirði skráð. Af þeim 13 jörðum sem áður voru í byggð í Eyrarhreppi hinum forna voru jarðirnar Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur og Kirkjuból fornleifaskráðar. Í þessum fyrsta hluta voru 359 minjastaðir svæðisskráðir og 175 aðalskráðir. Áætlað er að á næstu árum verði haldið áfram að skrá fornminjar í Ísafjarðarbæ.

FREKARI GAGNAÖFLUN

Ísafjarðarbær hefur farið þess á leit við Náttúrustofu Vestfjarða að gert verði yfirlit um fyrri rannsóknir og áætlun um frekari rannsóknir fornleifa í sveitarfélaginu, vegna yfirstandandi skipulagsvinnu. Í framhaldinu verður hægt að ákvarða hversu ítarlegar upplýsingar geta legið fyrir um fornleifar innan þess tíma sem áætlaður er til skipulagsvinnu.

5 Byggð

KVAÐIR

Gera þarf grein fyrir lögbýlum, eyðijörðum og þróun frístundabyggðar.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

Ísafjarðarbær mun senda teiknistofunni upplýsingar um bygginarár sumarhúsa, úr fasteignaskrá.

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Upplýsingar um eyðijarðir og lögbýli má fá hjá Landbúnaðarráðuneytinu.
- ✓ Upplýsingar um staðsetningu húsa þurfa að liggja fyrir (loftmynd / hnitalisti fasteignamats).

6 Atvinna

KVAÐIR

Fjallað verður um þróunarmöguleika í atvinnumálum og stefnu í uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum og iðnaðar- og athafnasvæðum. Auk þess verður fjallað um svæði fyrir þjónustustofnanir, hafnarsvæði og efnistökusvæði. Gerð verður grein fyrir helstu atvinnuvegum í dag, svo sem (sjá leiðbeiningar um gerð aðalskipulags, frá Skipulagsstofnun):

- ✓ Fjölbreytni og afkomu atvinnulífs
- ✓ Fjölda starfa og skiptingu á greinar
- ✓ Fjölda starfa/íbúa
- ✓ Dreifingu starfa/starfsemi eftir svæðum innan sveitarfélagsins
- ✓ Fjölda atvinnulausra

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

- ✓ Frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfarða (vefsíða)
- ✓ Frá Hagstofu Íslands (vefsíða)
- ✓ Byggðaáætlun fyrir Vestfirði: Unnin af sveitarfélögum á Vestfjörðum (2002).
- ✓ Betra bú: Landnýtingaráætlun (Landgræðsla Ríkisins 2002)
- ✓ Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ 2005 (Ísafjarðarbær og AtVest)

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Óska eftir gögnum frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og hugsanlega Byggðastofnun (Byggðaáætlun)
- ✓ Önnur gögn frá Ísafjarðarbæ
- ✓ Samráð við stofnanir, félagasamtök og atvinnulífið

Efnistaka

KVAÐIR

Gera þarf grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka er fyrirhuguð eða fer fram. Ekki er hægt að nýta núverandi námur nema þeirra sé getið í aðalskipulagi. Ef efnisnám er mikið þá þarf að fara fram umhverfismat (ef það raskar meira en 25.000/50.000 fermetrum eða er 50.000/150.000 rúmmetrar). Skv. 49. gr. laga um náttúruvernd skal efnistökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en 3 ár, nema sérstakar ástæður séu fyrir stöðvuninni. Í sömu lögum segir einnig að áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. skuli liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega

efnistöku. Þar skal m.a. gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði (48. gr.).

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

- ✓ Ekki er til gott yfirlit um námur sveitarfélagsins. Heilbrigðiseftirlitið hefur eina námu á skrá og með starfsleyfi. Hún er staðsett í Engidal.
- ✓ Bæjarstjórn hefur samþykkt að öll efnistaka og efnisnám á vegum Ísafjarðar verði sett inn í yfirstandandi skipulagsvinnu og gert verði ráð fyrir því í næstu fjárhagsáætlun. Haustið 2006 verði hafist handa við *úttekt, skipulagningu og frágang* á efnisnánum á vegum Ísafjarðarbæjar.
- ✓ Lög um náttúruvernd (VI kafli).
- ✓ Námur – efnistaka og frágangur. Útgefið af Umhverfissráðuneytinu o.fl. 2002.
- ✓ Námuskrá 2005. Þar eru m.a. birtar upplýsingar um staðsetningu og frágang náma.
- ✓ Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018
- ✓ Umhverfisskýrsla Vegagerðarinnar 2005

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Klára áætlun um námuúttekt og ræða frekar um framhald þeirrar vinnu.
- ✓ Ítreka fyrirspurn til Vegagerðarinnar á Ísafirði þar sem óskað var eftir upplýsingum um þær námur sem vegagerðin nýtir í sveitarfélaginu.

7 Samgöngur

KVAÐIR

Samgöngumannvirki eru vegir, götur, brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng, jarðgöng, göngu- og hjólréiðastígar, flugvellir og flugbrautir. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum samgöngumannvirkjum, svo sem þjóðvegum, höfnum, flugvöllum og áhrifasvæðum þeirra. Gera skal grein fyrir:

- ✓ Umferð um helstu vegi og önnur helstu samgöngumannvirki við skipulagsgerð og áætlaðri þróun umferðar á skipulagstímabilinu.
- ✓ Ráðgerðum leiðum almenningsvagna.
- ✓ Mati á hávaða- og loftmengun við umferðarmannvirki.
- ✓ Gömlum þjóðbrautum og núverandi eða fyrirhuguðum göngu-, hjólréiða- eða reiðstíðum.
- ✓ Helgúnarsvæði vega og flugbrauta (á uppdrætti).

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

- ✓ Bréf Siglingamálastofnunar, sent 9.6. 2006, þar er m.a. bent á samgönguáætlun sem aðgengileg er á vef stofnunarinnar (www.sigling.is). Í gildi er langtímaáætlun fyrir tímabilið 2007-2018 og fjögurra ára áætlun fyrir tímabilið 2005-2008. Veturinn 2006-2007 má búast við að samþykktar verði áætlanir fyrir tímabilin 2007-2018 og 2007-2010.
- ✓ Upplýsingar um vegakerfi landsins (vefsíða Vegagerðarinnar).
- ✓ Bréf og gögn frá Flugmálastjórn (sent 30.5. 2006), m.a. upplýsingar um hindranaföt Ísafjarðarflugvallar.

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Upplýsingar frá Ísafjarðarbæ og Vegagerðinni um fyrirhuguð samgöngumannvirki (vegi, stíga, flugvelli og hafnir).
- ✓ Lög um loftferðir og reglur um Ísafjarðarflugvöll.
- ✓ Upplýsingar um umferð, leiðir almenningsvagna og mat á mengun.
- ✓ Hafnarlög, reglur um Ísafjarðarhöfn og hugsanlega fleiri lög og reglugerðir.
- ✓ Upplýsingar um gamlar þjóðbrautir.

8 Veitur og sorp

Sorp

KVAÐIR

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og örðum úrgangi, t.d. brennsla eða urðun. Íbúðir eru ekki heimilaðar á slíkum svæðum. Gera skal grein fyrir legu og stærð svæðanna, gildistíma starfsleyfa og áhrifum á aðra landnotkun. Gott er einnig að gera grein fyrir magni úrgangs sem til fellur. Vísað skal í hugsanlega samþykkt bæjarins um sorphirðu.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

Hefur ekki verið kannað

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Heimasíða Ísafjarðarbæjar eða Funa.
- ✓ Óska að Ísafjarðrabær sendi teiknistofunni gögn um ofangreind atriði.

Veitur

KVAÐIR

Gera skal grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum stofnkerfum (flutningskerfum) vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Í því felst að gera grein fyrir *helgunarsvæðum* veitnanna og sýna þau á uppdrætti.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

- ✓ Bréf frá Landsneti, vegna aðalskipulags Bolungarvíkur, þar sem greint er frá háspennulínunum í eigu fyrirtækisins, byggingarbanni, öryggisfjarlægðum og framtíðaráæltunum. Sambærilegt bréf vegna Ísafjarðar á eftir að berast.
- ✓ Vefsíða Ísafjarðarbæjar (vatnsveita og fráveita).

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Bæjartæknifræðingur, Jóhann Birkir, sendir hnitsett gögn um fráveitu og vatnsveitu.
- ✓ Afla frekari upplýsinga um stofnkerfi veitna, m.a. frá Orkubúi Vestfjarða og Símanum.
- ✓ Kanna sérstaklega hvort veitumannvirki eru til hnitsett. Tengiliður teiknistofunnar við rafveitusvið OV er Halldór V Magnússon.

9 Félags- og velferðarmál

Í þessum hluta er fjallað um óbyggð svæði til sérstakra nota. Jafnframt er fjallað um fræðsu- menningar- og heilbrigðismál.

Óbyggð svæði

Opin svæði til sérstakra nota

Útivistarsvæði

Tjald- og hjólhýsasvæði

Kirkjugarðar

Trjárækt og skógrækt

Garðlönd

Fræðslu-, menningar- og heilbrigðismál

Skólar

Menningarmál

Félagsmál

Heilbrigðismál

KVAÐIR

Lýsa landnotkun á svæðunum og þeirri uppbyggingu sem þar á að fara fram.

Rökstyðja þarf val. Nánar hefur verið fjallað um forsendur í fyrri kafla (1). Huga þarf að þeim kvöðum sem gilda um nýtingu landsins, m.a. ákvæði um helgunarsvæði, lög um náttúruvernd o.fl.

FYRIRLIGGJANDI GÖGN

Engin

FREKARI GAGNAÖFLUN

- ✓ Stefna og samþykktir bæjaryfirvalda og Fjórðungssambands Vestfirðinga
- ✓ Stefna hagsmunaaðila, m.a. atvinnulífs og félagsamtaka

10 Næstu skref

Í næsta áfanga skipulagsvinnunnar (2. áfanga) fer fram frekari vinna við stefnumörkun sveitarfélagsins. Mikilvægt er að framtíðarsýn sveitarfélagsins liggi fljótlega fyrir í þeim málaflökkum sem fjallað er um í skipulaginu. Að sama skapi er mjög mikilvægt að hagsmunaaðilar verði upplýstir og virkjaðir hið fyrsta til þátttöku í þeirri vinnu sem framundan er:

- ✓ Afla upplýsinga um *stefnu og framtíðarsýn sveitarfélagsins*.
- ✓ Ræða um korta- og loftmyndagrunn.
- ✓ Gera námuáætlun
- ✓ Virkja svæði um aðalskipulagið á vef bæjarins.
- ✓ Virkja vinnuhópa til þátttöku og samráðs. Gera þarf lista yfir hugsanleg félög og senda þeim bréf.
- ✓ Undirbúa ráðstefnu um skipulagsmál á Hornströndum
- ✓ Undirbúa kynningarfund með hagsmunaaðilum vegna Hornstrandasvæðisins.
- ✓ Greina forsendur, lýsa umhverfisaðstæðum og þróun sveitarfélagsins
- ✓ Frekari gagnaöflun og úrvinnsla.

Viðauki: Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 – endurskoðuð verkáætlun

• 1. áfangi

10. apríl – 1. sept. 2006

Undirbúningur

- Aðferðir
 - Gagnasöfnun
 - Forsendur – greining
- ✓ Samráð við umsagnaraðila

Áfangaskýrsla (1)

- Verklýsing og verkáætlun
- Forsendur

• 2. áfangi

1. sept. – 15. des. 2006

Stefnumörkun

- Framtíðarsýn
 - Umhverfisaðstæður
 - Stefna og áætlanir á landsvísu
- ✓ Kynning fyrir samráðshópum
- ✓ Samráð við almenning (kynningarbréf, heimasíða, pósthólf, fundur)
- ✓ Ráðstefna um skipulagsmál á Hornströndum

Áfangaskýrsla (2)

- Forsendur
- Drög að markmiðum

• 3. áfangi

15. des. 2006 – 15. júní 2007

Drög að skipulagstillögu

- Frekari skilgreining viðfangsefna og greining á forsendum
 - Skilgreining valkosta
 - Nánari mótun markmiða
 - Stefnumótun í einstökum málaflokkum
- ✓ Vinna samráðshópa
- ✓ Samráð við almenning (kynningarbréf, heimasíða, pósthólf, fundur)
- ✓ Samráð við umsagnaraðila

Áfangaskýrsla (3) Drög að skipulagstillögu

- Forsendur
- Markmið
- Drög að skipulagstillögu

• 4. áfangi

15. júní – 5. okt. 2007

2. drög að skipulagstillögu

- Lokavinnsla markmiða
- Stefna í einstökum málaflokkum

13.12.2006

- Umhverfismat skipulagstillögu

Áfangaskýrsla (4) Skipulagstillaga til kynningar

- Forsendur
- Markmið
- Skipulagstillaga

6. sept. 2007 – Samþykkt í bæjarstjórn að leita umsagna og kynna skipulagstillögu

7. sept. 4. okt. 2007 - Leitað umsagna umsagnaraðila

7. sept. – 4. okt. 2007 - Kynning fyrir nágrannasveitarfélagi

- **5. áfangi**

5. okt. – 30. nóv. 2007

3. drög að skipulagstillögu

11. okt. 2007 - Borgarafundur

5. okt. – 30. nóv. 2007 - Frágangur skipulagstillögu út frá umsögnum og athugasemdum.

Áfangaskýrsla (5) Skipulagstillaga til athugunar Skipulagsstofnunar

- Forsendur
- Markmið
- Skipulagstillaga

25. okt. 2007 - Samþykkt í bæjarstjórn að senda tillöguna til athugunar hjá Skipulagsstofnun

29. okt. – 22. nóv. 2007 - Skipulagstillaga til athugunar hjá Skipulagsstofnun (4 vikur)

- **6. áfangi**

1. des. 2007 – 15. feb. 2008

Skipulagstillaga

3. des. – 14. des. 2007 - Lagfæring tillögu miðað við athugasemdir Skipulagsstofnunar

20. des. 2007 - Samþykkt í bæjarstjórn að auglýsa tillögu

Auglýsing tillögu (4 vikur) 3. jan. – 31. jan. 2008.

Athugasemdafresti lokið 14. feb. 2008 (+2 vikur)

- **7. áfangi**

15. feb. – apríl 2008

Staðfest skipulag

15. feb. – 29. feb. 2008 - Afgreiðsla framkominna athugasemda, hugsanlegar breytingar á tillögu. Frágangur til samþykktar.

6. mars. 2008 - Aðalskipulagstillaga samþykkt í bæjarstjórn

12. mars 2008 - Auglýsing niðurstöðu (innan 8 vikna frá því athugasemdafrestur rann út)

12. mars – 9. apríl 2008 - Afgreiðsla Skipulagsstofnunar til staðfestingar Umhverfisráðherra (4 vikur)

13. mars. 2008 - Send ráðherra til staðfestingar

Ótímasett - Staðfesting ráðherra

Aðalskipulag tekur gildi þegar ráðherra hefur birt staðfestingu þess í B-deild Stjórnartíðinda